

Umsagnir um íþróttafólk

Tilnefningar til íþróttamanns ársins 2017 – íþróttakona og íþróttakarl Garðabæjar

Konur

Andrea Sif Pétursdóttir, fimleikakona

Andrea hefur gegnt stöðu fyrirliða í meistaraflokki Stjórnunnar í hóp fimleikum kvenna síðasta ár og á það sæti vel skilið. Hún er metnaðarfull, drífandi, leggur hart að sér og er með skýr markmið. Andrea er sterkur liðsmaður innan salarins sem utan og er mikil fyrirmynd fyrir aðra iðkendur í Stjórnunni og á landinu öllu. Hún hefur mikla ástríðu fyrir fimleikum, sem hefur skilað sér í því að hún hefur verið lykilmáður í landsliðum Íslands í hóp fimleikum síðustu ár, hvort sem er á Norðurlandamóti eða Evrópumóti. Andrea varð á árinu Norðurlandameistari, Bikarmeistari og Deildarmeistari með meistaraflokki Stjórnunnar í hóp fimleikum kvenna.



Freydís Halla Einarsdóttir, skíðakona

Freydís Halla, sem keppir fyrir Ármann, hefur nokkur undanfarin ár verið með fremstu skíðakonum Íslands. Undanfarin ár hefur Freydís bætt árangur sinn jafnt og þétt. Nú er hún í um 200. sæti á heimslistanum í svigi og 400. sæti í stórsvigi. Á HM í Sviss náði hún einmitt besta árangri sínum í stórsvigi. Freydís stundar nám í háskóla í Bandaríkjunum. Hún var í hópi 34 kvenna sem fengu keppnisrétt á lokamóti allra háskóla í Bandaríkjunum annað árið í röð. Hún sigraði á nokkrum alþjóðlegum mótum í Bandaríkjunum og jafnaði m.a. besta árangur sinn í svigi. Árangur tímabilsins kórónaði hún á Íslandsmeistaramótinu þar sem hún vann þrjá titla af fjórum, í stórsvigi, samhlíðasvigi og í alþátvíkeppni. Hún er einstök íþróttakona með mikinn metnað, ávallt jákvæð og leitar stöðugt leiða til að bæta sig. Freydís Halla er góð fyrirmynd og er hvetjandi fyrir liðsfélaga sína.



Helena Rut Örvarsdóttir, handknattleikskona

Helena Rut hefur spilað með meistaraflokki Stjórnunnar í handknattleik frá 15 ára aldri. Síðast liðið vor ákvað hún að reyna fyrir sér í atvinnumennsku og fluttist til Noregs. Þar spilar hún nú í bestu deild Evrópu með Byåsen sem er í 7. sæti Norsku úrvalsdeildarinnar. Helena er mikil íþróttakona og frábær fyrirmynd ungra stúlkna í íþróttum. Hún var einnig mjög mikilvæg innan liðsins, frábær karakter innan vallar sem utan. Hún hefur nú leikið 13 A-landsleiki. Helena varð deildarmeistari 2017, bikarmeistari 2016 og 2017, í 2. sæti á Íslandsmóti 2016 og 2017. Hún skoraði 112 mörk í 21 leik tímabilið 2016-2017. Hún er nú 7. sæti norsku úrvalsdeildarinnar með Byåsen.



Irma Gunnarsdóttir, frjálsíþróttakona

Irma Gunnarsdóttir hefur verið ein af efnilegustu frjálsíþróttakonum landsins um árabil. Irma sem keppir fyrir Breiðablik sigraði í langstökki kvenna á RIG. Hún vann til sex Íslandsmeistararitla utanhúss og fjögurra titla innanhúss í flokki 18-19 ára stúlkna. Irma lenti í öðru sæti á NM í fjölþraut í flokki 18-19 ára. Árangur í silfurþrautinni var samtals 5.127 stig. Auk þess að ná í verðlaun á NM í Finnlandi náði hún lágmarki á EM undir 20 ára sem var haldið í Grosseto á Ítalíu síðasta sumar. Íslandsmeistararitlar Irmu utanhúss voru í 100 hlaupi, 100 m grindahlaupi, kúluvarpi, kringlukasti, spjótkesti og langstökki. Innanhúss sigraði hún í 200 m hlaupi, 60 grindahlaupi, langstökki og kúluvarpi.

*Kristín Valdís Örnólfsdóttir, skautakona*

Kristín Valdís æfir með Skautafélagi Reykjavíkur. Hún hlaut í fyrsta sinn nafnbótina Skautakona ársins 2017 hjá SSÍ. Meðaltal af heildar skori Kristínar Valdísar á árinu er 91.43 stig. Hún keppti í junior flokki á Norðurlandamóti 2017 og hafnaði þar í átjándu sæti. Hún keppti fyrir hönd Íslands á ISU Junior Grand Prix Riga Cup 2017 og hafnaði þar í 27. sæti með 90.49 stig. Samanlögð heildareinkunn hennar er nú stigamet íslensks skautara á JGP. Kristín Valdís hafnaði í 19. sæti með 93.91 stig á Volvo Cup Open, efst íslensku skautaranna í þeim flokki. Hún hafnaði í 11. sæti á RIG, í 1. sæti á Haustmóti ÍSS, í 2. sæti á Bikarmóti ÍSS, en hún var einnig í 2. sæti á Íslandsmóti í junior flokki. Kristín Valdís er kappsfull og metnaðarfull íþróttakona sem leggur sig alla fram í sinni íþrótt og er öðrum iðkendum góð fyrirmynd bæði í framkomu og viðhorfi til íþróttarinnar.

*Margrét Jóhannsdóttir, badmintonkona*


Margrét varð þrefaldur Íslandsmeistari í badmintoni á árinu og komst þar með í hóp 18 annarra sem hafa unnið til þess frá árinu 1952. Margrét vann á árinu sinn annan Íslandsmeistaratitill í einliðaleik og fyrsta Íslandsmeistaratitil í tvíliðaleik. Margrét vann síðan sinn þriðja Íslandsmeistaratitil í röð í tvenndarleik. Margrét hefur unnið öll mót á árinu, sem hún hefur tekið þátt í innan mótaraðar Badmintonsambandsins. Margrét hefur keppt fyrir Íslands hönd um árabil og spilaði sinn fyrsta landsleik árið 2013, þá 18 ára gömul. Margrét á átta A-landsleiki að baki. Áður spilaði hún með U17 og U19 unglingalandsliðum Íslands. Margrét er í 312. sæti heimslistans, þrátt fyrir að vera einungis með fjögur alþjóðleg mót sem hún hefur keppt á, en listinn er byggður á tíu bestu mótum leikmanna. Margrét mun keppa í Evrópukeppni kvennalandsliða í febrúar nk. sem fer fram í Kazan í Rússlandi.



Karlar

Birgir Leifur Hafþórsson, golfari

Birgir Leifur náði sínum besta árangri á ferlinum þegar hann sigraði á Cordon golf open mótinu í Frakklandi, en það mót er hluti af Áskorendamótaröð Evrópu (Challenge Tour), næst efstu deild atvinnumannanna. Með sigrinum tryggði Birgir Leifur sér þátttökurétt í um 12 mótum á næstu leiktið efstu deildarinnar, Evrópumótaraðarinnar (European Tour). Hér heima leiddi Birgir Leifur sveit GKG til sigurs í Íslandsmóti golfklúbba, í fyrsta sinn síðan 2012 og í fimmta sinn alls. Enginn íslenskur kylfingur hefur náð viðlíka árangri og Birgir Leifur, og því óhætt að segja að hann sé enn í framför eftir 20 ár í atvinnumennsku í golfi. Birgir Leifur er frábær fyrirmynd annara, yngri sem eldri, reglusamur, vinnusamur, ávallt jákvæður og ekki síst þrautseigur. Hann er öflugur liðsmaður, hvetjandi og drífandi.



Guðjón Baldvinsson, knattspyrnumaður

Guðjón Baldvinsson var ómetanlegur í sterku liði Stjörnunnar sem endaði í 2. sæti Íslandsmótsins. Þar með tryggði liðið sér þátttökurétt í Evrópukeppni næsta sumar og festa liðið enn frekar í sessi sem topplið á Íslandi. Guðjón varð þriðji markahæsti leikmaður Pepsi-deildarinnar með 12 mörk í 19 leikjum fyrir félagið. Þá var Guðjón valinn besti leikmaður liðsins bæði af þjálfurum og leikmönnum liðsins auk þess að vera valinn í lið ársins meðal ýmissa aðila sem fjalla um íslenska knattspyrnu. Guðjón er jákvæður, metnaðarfullur og ber hag félagsins fyrir brjósti sem vel má sjá á aukaæfingum sem hann hefur tekið að sér fyrir yngstu iðkendur félagsins. Guðjón Baldvinsson er sönn fyrirmynd ungra Garðbæinga.



Guðmundur Kári Þorgrímsson, fimleikamaður

Guðmundur hefur verið fyrirliði í mix liði Stjörnunnar frá því að hann kom í liðið haustið 2016. Hann er mikilvægur liðsmaður, þroskaður og yfirvegaður iðkandi sem getur fengið alla í liðinu til þess að sjá hlutina á jákvæðan hátt. Hann smitar frá sér góðu skapi og setur sjálfan sig aldrei hærra en liðið, þar sem liðið skiptir hann öllu máli. Sem fimleikamaður er hann í mikilli framför og á ennþá nóg inni. Guðmundur er metnaðarfullur og veit að til þess að ná lengra þarf hann að vinna hart að því, sem hann gerir án þess að hika. Hann þekkir liðsfélaga sína vel og finnur um leið ef einhver þarf á smá upplýtingu að halda. Guðmundur varð á árinu Bikarmeistari með sínu liði í meistaraflokki Stjörnunnar Mix.



Jón Þór Sigurðsson, skotíþróttamaður

Jón Þór er landsliðsmaður í riffilgreininni 50 metra liggjandi riffli og keppir fyrir Skotíþróttafélag Kópavogs. Á Evrópumeistaramótinu í Bakú í Azerbaidjan þann 24. júlí 2017 náði hann þeim frábæra árangri að komast í 8 manna úrslit, fyrstur Íslendinga, í 50 metra liggjandi riffli. Hann hafnaði þar í 8. sæti en alls voru keppendur 68 talsins. Hann varð Íslands- og Bikarmeistari í sinni aðalgrein, 50 metra liggjandi riffli, í lok apríl. Hann varð einnig Íslandsmeistari í Sport skammbyssu í byrjun apríl. Jón er í dag í 19.sæti á lista þeirra bestu í Evrópu en á listanum eru nú 98 skotmenn.



Pétur Fannar Gunnarsson, dansari

Pétur Fannar og Polina Odd sem dansa saman fyrir Dansfélag Reykjavíkur urðu heimsmeistarar í suður amerískum dönsum undir 21 árs, en Heimsmeistaramótið WDC fór fram í París 11. desember. Þetta frábæra danspar skráði þar með nýtt afrek í sögubækur landsins en Pétur og Polina unnu einnig HM 2016 og eru því einu Íslendingarnir sem hafa unnið heimsmeistaratitil tvö ár í röð. Þau urðu í 2. sæti í Blackpool og eru einnig Reykjavík International og Íslandsmeistarar á árinu. Auk þessa unnu þau sigur á Lotto Open nú í nóvember.



Tómas Þórður Hilmarsson, körfuknattleiksmaður

Tómas er lykillleikmaður í meistaraflokki körfuknattleiksdeildar Stjörnnunar. Hann var valinn í A-landslið nú á haustmánuðum og spilaði sinn fyrsta landsleik í undankeppni HM á móti Tékklandi í nóvember 2017. Val Tómasar í hið gríðarsterka íslenska landslið undirstrikar hversu framúrskarandi Tómas hefur verið með liði Stjörnnunar árið 2017 og gott dæmi um afrakstur af þeirri aukavinnu sem Tómas hefur lagt á sig til að bæta sinn leik. Tómas er uppalinn í Stjörnunni frá 6 ára aldri, og á að baki landsleiki með U16, U18 og U20. Tómas hefur spilað 185 leiki með meistaraflokki Stjörnnunar frá 16 ára aldri, er góður liðsmaður og öll framkoma hans er til fyrirmyndar.

